

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á skreið
framleiddri á tímabilinu 1. janúar til 31. maí 1982.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á skreið framleiddri á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí 1982:

Þorskur:	U. S. \$ pr. lest fob.
Saga IG	6 972
Saga IM	6 726
Saga IP	6 342
Edda og Luna 30/50	5 702
Edda og Luna 50/60	6 143
Edda og Luna 60/up	6 284
Astra (Italia)	5 566
Astra og Polar	4 869
Ufsi:	
Astra og Polar	3 697
Keila:	
Astra og Polar	4 869
Ýsa og Langa:	
Astra og Polar	3 697

Verðbil verður 2% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. janúar 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.